

Miðvikudaginn 24. febrúar 1965.

Nr. 1/1965.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Félags járn-
iðnaðarmanna í Reykjavík vegna Gísla Sigur-
hanssonar**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meist-
arafélags járníðnaðarmanna vegna Vélaverk-
stæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar.**

(Einar Árnason hdl.).

**Dómarar: Hákon Guðmundsson,
Gunnl. E. Briem, Einar Arnalds,
Árni Guðjónsson og Guðmundur
Vignir Jósefsson.**

Uppsögn trúnaðarmanns dæmd ólögmet.

Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi af Alþýðusambandi Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík vegna Gísla Sigurhanssonar gegn Vinnuveitendasambandi Íslands f. h. Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. með stefnu, dags. 21. janúar s.l.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að uppsögn Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. til Gísla Sigurhanssonar, dags. 30. desember f. á., er þá var starfsmaður hjá nefndu fyrirtæki og trúnaðarmaður stéttarfélags síns þar, verði dæmd ógild og brot á 11. gr. laga nr. 80/1938.
2. Að dæmt verði, að uppsögn þessi sé brot á 10. gr. kjarasamnings málsaðilja um forgangsrétt félaga í Félagi járníðnaðarmanna í Reykjavík til vinnu hjá Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f.
3. Að nefndu fyrirtæki sé dæmt skylt að hafa Gísla Sigurhansson áfram í þjónustu sinni og sem trúnaðarmann Félags járníðnarmanna í Reykjavík á þeim vinnustað.

4. Að stefndi verði dæmdur til greiðslu hæfilegrar sektar að mati dómsins fyrir brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 sbr. 70. gr. sömu laga.

Loks krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Undanfarin 5 ár hefur Gísli Sigurhansson unnið sem rennismiður hjá stefnda, Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. Hinn 12. janúar 1963 var hann tilnefndur trúnaðarmaður stéttarfélags síns á vinnustað og var sú tilnefning staðfest af vinnuveitanda hans 16. s. m. Er ágreiningslaust, að Gísli var aðaltrúnaðarmaður á vinnustað sínum með réttindum og skyldum trúnaðarmanna samkvæmt ákvæðum I. kafla laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Hinn 30. desember s.l. ritaði forstjóri Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. Gísla Sigurhanssyni svofellt bréf:

„Þér tilkynnist hér með, að þér er sagt upp starfi hér með og frá 1. janúar 1965 með eins mánaðar uppsagnarfresti.“

Með bréfi, dags. 9. janúar s.l., mótmælti Félag járníðnarmanna nefndri uppsögn þessa trúnaðarmanns síns, þar sem hún væri óheimil samkvæmt 11. gr. laga nr. 80/1938, og áskildi sér og Gísla allan rétt gagnvart vélaverkstæðinu vegna uppsagnarinnar. Viðræður um uppsögnina munu þvínæst hafa farið fram milli málsaðilja, en þær leiddu eigi til samkomulags, og hélt Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. fast við uppsögn sína, en samkvæmt því, sem síðar verður rakið, byggði vélaverkstæðið hana á óstundvísi af Gísla hálfu. Höfðaði stefnandi þá mál þetta svo sem að framan greinir.

Stefnandi byggir kröfur sínar í málinu í höfuðatriðum á því, að þar sem Gísli hafi verið trúnaðarmaður félags síns hafi hann notið sérstakrar verndar gagnvart uppsögn af hálfu vinnuveitanda síns. Visar hann sérstaklega um

það til niðurlags 11. gr. laga nr. 80/1938, er mæli svo fyrir, að sé verkamönnum fækkað, skuli trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnu sinni. Hér hafi síður en svo verið um það að ræða, að vélaverkstæðið væri að fækka við sig, því um þessar mundir hafi það einmitt auglýst eftir faglærðum og ófaglærðum mönnum. Engar sakir hafi heldur verið tilgreindar í uppsagnarbréfinu, enda hafi Gísli verið ágætur verkmaður og góður fagmaður í starfsgrein sinni og verið til þess valinn af verkstjóra sínum, að vera sérstakur aðstoðarmaður hans. Þá hefur stefnandi og látið mjög að því liggja í málflutningi sínum að uppsögnin ætti rætur sínar að rekja til mikillar andúðar forstjóra Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. á félagsskap járníðnaðarmanna, og hefði sú andúð bitnað á Gísla sem trúnaðarmanni stéttarfélags síns. Væri hún hin raunverulega orsök uppsagnarinnar, en ástæða sú, sem nú væri tilgreind — óstundvísir — yfirskin eitt. Sé uppsögnin þannig beint brot á 11. gr. laga nr. 80/1938 og því ólögmat. Beri að dæma hana ógilda, en stefnda til greiðslu sektar fyrir brot á nefndri grein.

Þá telur stefnandi, að skylda beri Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. til þess að taka Gísla Sigurhansson aftur í þjónustu sína sem starfsmann og trúnaðarmann stéttarfélags síns.

Loks telur stefnandi, að vélaverkstæðið hafi með framangreindri uppsögn Gísla brotið ákvæði 10. gr. nágildandi kjarasamnings milli Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík og Meistarafélags járníðnaðarmanna, þar sem sú grein geymi ákvæði þess efnis, að vinnuveitendur skuldbindi sig til þess að láta félagsmenn járníðnaðarmannafélagsins hafa forgangsrétt til allrar járníðnaðarvinnu, en einmitt á þeim tíma, er Gísli var sagt upp, hafi margir ófaglærðir utanfélagsmenn unnið járníðnaðarvinnu hjá vélaverkstæðinu.

Svo sem áður er getið voru engar ástæður tilgreindar í uppsögn vélaverkstæðisins til Gísla. En í málinu byggir stefndi sýknukröfu sína á því, að Gísli Sigurhansson hafi brotið svo af sér í starfi sínu, að það hafi fullkomlega

réttlætt þá ákvörðun vélaverkstæðisins að segja honum upp, enda hafi honum verið sagt upp með eins mánaðar uppsagnarfresti. Neitar hann því alfarið, að uppsögnin hafi stafað af starfi Gísla sem trúnaðarmanns eða af and-úð á stéttarfélagi hans, og kveður að samskipti hans og forráðamanna vélaverkstæðisins hafi í þeim efnum verið snurðulaus. Hins vegar hafi Gísli vanrækt starf sitt hjá fyrirtækinu, að því leyti, að hann hafi verið mjög óstundvís til vinnu á morgnana og hafi þetta verið illt fordæmi öðrum starfsmönnum og haft truflandi áhrif á vinnustaðnum. Sé það og ljóst, að mikilsvert sé, að trúnaðarmaðurinn gefi gott fordæmi. Þá beri og að hafa það í huga, að unnið sé með mjög dýrum tækjum á vélaverkstæðinu og skipti miklu máli, að þau nýtist sem best. Segir hann óstundvís Gísla hafa verið svo mikla, að vélaverkstæðið hafi eigi getað við það unað, enda hafi oftár en einu sinni verði um það rætt við hann, og hann beðinn að mæta stundvíslegar, en það hafi eigi borið varanlegan árangur. Uppsögnin sé því réttmæt og fjarri því, að vera brot á 11 gr. laga nr. 80/1938. Sú grein banni eigi, að trúnaðarmanni sé sagt upp vegna saka eða vanrækslu í starfi, þótt hann samkvæmt sömu grein skuli að öðru jöfnu sitja fyrir um vinnu, ef vinnuveitandi þarf að fækka starfsmönnum sínum. Það sama gildi og að því er varði forgangsréttarákvæði gildandi kjarasamnings. Og þótt heimilt sé samkvæmt sama samningi að draga af launum starfsmanna vegna þess tíma, er þeir komi of seint til vinnu sinnar, þá geti það ekki skotið loku fyrir það, að mikilog stöðug óstundvís verði metin starfsmanni til vanrækslu í starfi og leitt til uppsagnar fyrir þær sakir. Kveðst stefndi því hvorki hafa gerzt brotlegur við 11. gr. laga nr. 80/1938 né 10. gr. kjarasamnings aðilja og ekki komi til mála, að dæma vélaverkstæðið til þess að taka Gísla aftur í sína þjónustu, enda standi hvorki lög né samningar til þess.

Af hálfu stefnanda er því eindregið mótmælt að óstundvís Gísla hafi verið í þeim mæli, að hún réttlæti uppsögnina og auk þess hafi hann aldrei verið áminntur fyrir

þær sakir né hann beðinn að bæta ráð sitt að því leyti. Kveður hann, að því fari fjarri að Gísli hafi verið óstundvísari en margir starfsmenn aðrir, sem ekki hafi verið hreyft við fyrir þær sakir, en óstundvísi hjá vélaverkstæðinu kveður hann að rekja megi til mikillar eftir- og næturvinnu, sem þar sé unnin. Einnig heldur hann því fram, að heimild sé til þess samkvæmt gildandi kjarasamningi, að draga af kaupum manna, ef þeir komi of seint og beri að taka tillit til þess, þegar metið sé hverju óstundvísi starfsmanna skuli varða.

Verður nú rakið það, sem fram hefur komið í málinu um samskipti forráðamanna Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. og Gísla Sigurhanssonar sem trúnaðarmanns og sem starfsmanns hjá vélaverkstæðinu.

Gísli hefur skýrt svo frá, er hann kom fyrir dóminn, að hann hafi mjög oft í starfi sínu sem trúnaðarmaður þurft að koma fram vegna samstarfsmanna sinna, bæði vegna ágreinings um túlkun á gildandi kjarasamningi og, að því er hann telur, vegna beinna vanefnda af hálfu vinnuveitandans á sama samningi. En hann segir, að samskipti hans í þeim efnum við verkstjóran Sigurþór Jónsson hafi verið mjög góð og gott samkomulag hafi einnig verið milli hans og framkvæmdastjórans. Stöku sinnum kveðst hann hafa snúið sér beint um þessi efni til forstjórans, Sigurðar Sveinbjörnssonar, er fallist hafi þá á sín sjónarmið. Hann kveðst þó hafa kennt andúðar hjá Sigurði í sinn garð og stéttarfélag síns, en slíkt hafi hann ekki orðið var hjá öðrum verkstjórnarmönnum fyrirtækisins.

Sigurþór Jónsson verkstjóri, sem einnig hefur komið fyrir dóminn, staðfestir, að samskipti þeirra Gísla hafi að öllu leyti verið mjög góð og af hálfu Sigurðar Sveinbjörnssonar er því eindregið andmælt, að uppsögnin hafi átt rætur sínar að rekja til trúnaðarmannsstarfa Gísla.

Lögð hafa verið fram vottorð frá nokkrum mönnum, sem starfað hafa hjá vélaverkstæðinu því til stuðnings, að Sigurður hafi borið sér í munn óvinsamleg ummæli um Félag járníðnaðarmanna og verið erfiður í skiptum sín-

um við fyrrverandi trúnaðarmenn þess. En þegar allt er virt, sem fram hefur komið varðandi trúnaðarmannsstöðu og störf Gísla, verður eigi talið að sannað sé, að uppsögnin til Gísla hafi verið af þeim rötum runnin að varði við ákvæði 1. málslíðar 11. gr. laga nr. 80/1938 og ber að sýkna stefnda af því kæruatriði.

Samkvæmt 2. málslíð nefndrar 11. gr. skal trúnaðarmaður að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnu sinni, þegar vinnuveitandi þarf að fækka starfsmönnum og verður að skýra þetta ákvæði svo, að það feli jafnframt í sér reglu, er takmarki rétt vinnuveitanda til þess að segja trúnaðarmanni upp starfi, þegar svo stendur á eins og í því tilfalli, sem hér er um að tefla, að ætlunin er að ráða annan starfsmann í stað trúnaðarmanns þess, sem látinn var vikja, og ekki verður með rökum fundið að vinnuafköstum hans eða háttsemi í starfi. Hins vegar skýtur þetta ákvæði 11. gr. ekki loku fyrir það, að trúnaðarmaður verði sem aðrir starfsmenn að hlíta uppsögn fyrir misfellur í starfi eða brot á þeim starfsreglum á vinnustað, sem starfsmönnum er almennt skylt að hlíta.

Ljóst er af málavöxtum og reyndar enginn ágreiningur um það, að Gísla Sigurhanssyni var eigi sagt upp vegna fækkunar á starfsliði, og þarf því eigi könnunar við um það, hver starfsleg aðstaða hans var miðað við aðra starfsmenn vélaverkstæðisins. Kemur þá til álita, hvort hann hafi brotið svo af sér í starfi sínu með óstundvísí þeirri, sem honum er borin á brýn og stefndi segir að hafi verið ástæðan til uppsagnarinnar, að réttmætt hafi verið af hálfu vélaverkstæðisins að segja honum upp, og hvort uppsögnina hafi, ef hún var reist á gildum ástæðum, borið að með þeim hætti, sem réttmætt er að gera kröfu til af hálfu vinnuveitandans, eins og starfi og stöðu Gísla sem trúnaðarmanns, var háttað.

Um óstundvísí Gísla er það fram komið í málinu, að at huguð hafa verið vinnukort hans á tímabilinu frá 22. janúar til 31. desember 1964. Samkvæmt frumskýrslu stefnda um þetta atriði taldi hann, að Gísli hefði á nefndu tímabili komið 81 sinni of seint til vinnu og hefðu fjarvistir

hans af þeim sökum numið samtals 3734 mínútum. Hann hefði í 26 skipti komið 6—15 mín. of seint, 45 sinnum 15—60 mín. of seint og í 15 skipti meira en 60 mín. of seint. Hefði hann samkvæmt því að meðaltali komið til vinnu 46 mín. of seint rúmlega 3ja hvern dag. Er stefnandi hafði fengið vinnukortin til athugunar komst hann hins vegar að þeirri niðurstöðu, að Gísli hefði „í mesta lagi komið 67 sinnum of seint til vinnu“ á framangreindu tímabili og teldi hann samanlagt, „að vanræktur vinnutími þess vegna“ væri „2718 mínútur eða 45 klst. og 18 mín.“ En jafnframt hélt stefnandi því fram, óstundvísí þessari til afsökunar, að mikil kvöld- og næturvinna, sem Gísli hefði innt af hendi samkvæmt beiðni vélaverkstæðisins, ætti töluverðan þátt í því, að hann hefði komið of seint til vinnu. Þá beri og að líta á það, að vegna þess, að eigi sé hægt við störf í rennismiði, að stöðva vél á fyrirfram ákveðinni mínútu, væri venja að láta rennibekk ljúka við spón, áður en hann væri stöðvaður og bæru mörg vinnukort Gísla með sér, að komið hefði verið framyfir vinnulok, er hann stimplaði sig út. Telur stefnandi, að þessi umframtími Gísla nemi samtals rúmlega 1000 mínútum. Einnig kveður stefnandi, að hafa beri í huga, eins og áður er að vikið, að samkvæmt kjarasamningi aðilja sé heimilt að draga af kaupí starfsmanns vegna þess tíma, er hann komi of seint til vinnu, með 50% álagi fyrir fyrstu vanrækta hálfu klukkustund að morgni, og þegar hér við bætist að Gísli hafi verið ágætur verkmaður, leyst störf vel af hendi og aldrei fengið aðfinnslur eða aðvörun vegna óstundvísí geti nefnd óstundvísí hans, er ekki náí nema 2% af heildardagvinnutíma, eigi talist fullgild ástæða til uppsagnar.

Stefndi hefur fallist á það í flutningi málsins, að frumtölur hans varðandi óstundvísí Gísla hafi verið of háar, en telur þó að miða eigi við ívið hærri tölur en stefnandi geri. Enhvað sem því líði, þá sé þó hér um svo mikla óstundvísí að ræða, að það út af fyrir sig sé fullgild ástæða til uppsagnar. Miklu máli skipti, að trúnaðarmaðurinn gangi á undan með góðu eftirdæmi og hafi háttsemi

Gísla að þessu leyti haft slæm áhrif og valdið verulegum truflunum á vinnustað. Mótmælir hann því, að taka beri tillit til þess, þótt Gísli hafi eigi samkvæmt vinnukortum sínum hætt vinnu strax, er dagvinnutíma lauk, enda hafi hann fengið greiðslu fyrir þann tíma. Þá staðhæfir hann, að fundið hafi verið að því við Gísla, að hann kæmi óstundvíslega til vinnu sinnar að morgni og að hann hafi verið beðinn að bæta ráð sitt, en segir að öðru leyti hafi störf hans verið vel af hendi leyst og óaðfinnanleg.

Verkstjóri Gísla á vinnustað, Sigurþór Jónsson, hefur komið fyrir dóminn. Samkvæmt vætti hans og af skýrslu, sem fram hefur verið lögð í málinu um óstundvísi nokkurra starfsmanna annarra en Gísla, sem byggð er á vinnukortum þeirra, má ráða að töluvert hefur kveðið að því, að starfsmenn mættu óstundvíslega til vinnu sinnar að morgni dags. Er það álit Sigurþórs, að mikil eftir- og næturvinna hafi átt nokkurn þátt í því. Hann segir og, að vélaverkstæðið hafi í ýmsum tilfellum beitt heimild kjarasamningsins til þess að draga af kaupum starfsmanna vegna óstundvísi að morgni dags, einkum þegar um endurtekin tilfelli var að ræða, en hins vegar hafi aldrei verið beitt því heimildarákvæði kjarasamningsins, að draga frá kaupum fyrir vanræktar vinnustundir með 50% álagi. Og þegar unnið hafi verið framyfir tilskildan vinnutíma hafi verið greitt fyrir þá vinnu. Þá hefur Sigurþór staðhæft, að hann hafi oftast en einu sinni, síðast að því er hann minnir um mánaðamótin nóvember—desember s.l. ár, fundið að óstundvísi Gísla við hann sjálfan og beðið hann um að bæta ráð sitt, og kveður hann, að það hafi borið nokkurn árangur í bili, en síðan sótt í sama horf. Þessu hefur Gísli hins vegar alfarið neitað. Hann hefur að vísu játað, að Sigurþór hafi rætt við sig um óstundvísi starfsmanna vélaverkstæðisins almennt, en mótmælt því eindregið, að hann hafi nokkru sinni fengið áminningu fyrir óstundvísi, eða að fundið hafi verið að því við sig, að hann kæmi of seint til vinnu eða að hann hafi verið beðinn að bæta ráð sitt að því leyti. Hafa þeir Sigurþór

og Gísli verið samspurðir um þetta fyrir dómnum, en hvor haldið fast við skýrslu sína um þetta atriði og eigi verður á öðrum gögnum byggt um þetta.

Fram er komið, að Gísli hafi ekki verið heilsuhraustur, og að hann hafi stundum tilkynnt Sigurþóri fjarvist af þeim sökum.

Telja verður, að það sé af atriði fyrir vinnuveitanda, að trúnaðarmaður á vinnustað gefi gott fordæmi og gæti þess að framfylgja af sinni hálfu fyrirmælum þess kjarasamnings, sem hann á að gæta að fylgt sé af hálfu vinnuveitandans. Þá er og ljóst af því, sem fram er komið um stundvísí Gísla, að henni hefur verið mjög áfátt, þótt hann að öðru leyti leysti störf sín vel af hendi. En þar sem hann var trúnaðarmaður með réttindum og skyldum samkvæmt I. kafla laga nr. 80/1938 telur dómurinn, að vinnuveitandi Gísla hafi átt að tjá honum skýlaust, að hann teldi starfsháttu hans með þeim hætti, að varðað gæti uppsögn úr starfi. Og þar sem eigi þykir, gegn eindregnum mótmælum Gísla, að færð hafi verið örugg sönnun fyrir því af hálfu stefnda, að slík viðvörðun hafi átt sér stað, verður að telja framangreinda uppsögn Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f. brot á meginreglu 2. málsliðar 11. gr. laga nr. 80/1938, og ólögmeta gagnvart Gísla Sigurhanssyni, en eigi þykja eftir atvikum efni til þess að taka til greina kröfu stefnanda um sekt á hendur nefndu vélaverkstæði og ber að sýkna stefnda af henni.

Miða verður við það, samkvæmt málflutningi aðilja og gögnum málsins, að menn, sem eigi voru félagsmenn í Félagi járníðnaðarmanna í Reykjavík hafi unnið störf, er tilheyrðu fagi járníðnaðarmanna í Vélaverkstæði Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f., þegar Gísla var sagt upp. Var uppsögn hans því einnig, eins og henni var háttað, andstæð fyrirmælum 10. gr. kjarasamnings málsaðilja.

Eigi verður talið að lög, meginreglur laga eða samningar skyldi stefnda gegn vilja sínum til þess að taka Gísla Sigurhansson aftur í þjónustu sína, en hann lét af störf-

um þar 1. þ. m. Ber því að sýkna stefnda af þeirri kröfu stefnanda.

Rétt þykir, að stefndi greiði stefnanda kr. 2500,00 í málskostnað.

Dómsorð:

- I. Uppsögn Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f., dags. 30. des. 1964 til Gísla Sigurhanssonar á starfi hans hjá vélaverkstæðinu var ólöglegt samkvæmt 2. málslíð 11. gr. laga nr. 80/1938 og brot á 10. gr. framangreinds kjarasamnings.
- II. Stefndi skal vera sýkn af þeirri kröfu stefnanda, að honum verði dæmt skylt að hafa Gísla Sigurhansson áfram í þjónustu sinni.
- III. Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f. h. Meistarafélags járníðnaðarmanna vegna Vélaverkstæðis Sigurðar Sveinbjörnssonar h.f., skal vera sýkn af kröfu stefnanda, Alþýðusambands Íslands f. h. Félags járníðnaðarmanna í Reykjavík vegna Gísla Sigurhanssonar, um greiðslu sektar í ríkissjóð.
- IV. Stefndi greiði stefnanda kr. 2500,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.